

## Aðalfundur Atvinnuþróunarfélags Pingeyinga hf. 2010

Aðalfundur Atvinnuþróunarfélags Pingeyinga hf., haldinn á Hótel Eddu að Stórutjörnum, þann 23. júní 2010, kl. 14:00.

Mættir voru fulltrúar frá 11 hluthöfum af 17, með 94,12% hluta á bak við sig: Norðurþing, Byggðastofnun, Pingeyjarsveit, Fræ ehf., Framsýn - stéttarfélag, Sparisjóður S.-Pingeyinga, Skútustaðahreppur, Tjörneshreppur, Mannvit, Hótel Reyhlið og Jónas Reynir Helgason. Auk þeirra starfsfólk AP og gestir.

Stjórnarformaður félagsins, Sigurgeir Höskuldsson, setti fund og bauð fundarmenn velkomna. Fyrir fundinum lá tillaga um fundarstjóra, Tryggva Harðarson, og fundarritara, Ara Pál Pálsson. Aðrar tillögur komu ekki fram og voru þeir því sjálfkjörnir til starfa.

### 1. Skýrsla stjórnar

Stjórnarformaður, Sigurgeir Höskuldsson fór yfir skýrslu stjórnar sem lögð var fram á fundinum. Í máli sínu vék hann að breytingum sem orðið hafa á verksviði félagsins ræddi erfiðan rekstur félagsins og hvernig núverandi þjóffélagsaðstæður þrengja enn að honum. Þá fór hann yfir samstarf við ýmsa aðra hluta stoðkerfisins sem yfirleitt er með ágætum og ræddi síðan nauðsyn þess að ráðast í stefnumótun fyrir félagið svo það geti eflst og þróast með æskilegum hætti. Veik grunnfjármögnun félagsins og breytt verkefnastaða kalla á slíka endurskoðun en ekki síður ákveðin skörun sem orðin er við starfsemi Nýsköpunarmiðstöðvar og enn fremur áform stjórnvalda um endurskipulagningu stoðkerfis atvinnulífsins.

Formaðurinn greindi frá ráðstöfunum sem þegar hafa verið gerðar í því miði að ná jafnvægi í rekstrinum og þakkaði bæði fráfarandi og núverandi starfsmönnum félagsins. Að endingu þakkaði hann Birnu Björnsdóttur fyrir gott og óeigingjarnt starf í þágu félagsins, en hún gefur ekki kost á sér til áframhaldandi setu í stjórn.

Ársskýrsla félagsins er aðgengileg í heild sinni á vef félagsins: [www.atthing.is](http://www.atthing.is)

### 2. Reikningar félagsins fyrir árið 2009

Ársreikningur AP 2009 var lagður fyrir fulltrúa hluthafa á fundinum, áritaður af stjórn og löggiltum endurskoðanda félagsins, PricewaterhouseCoopers hf. - Birni St. Haraldssyni án athugasemda.

Framkvæmdastjóri, Reinhard Reynisson fór yfir reikningana og gerði grein fyrir einstökum liðum og helstu niðurstöðum.

Helstu niðurstöður ársreiknings:

Rekstrartekjur .....	64.877.337
Rekstrargjöld .....	(67.582.420)
Fjármagnsliðir .....	1.368.756
Tap ársins .....	(1.336.327)
Fastafjármunir .....	8.095.402
Veltufjármunir .....	30.782.674
Eigið fé .....	(9.053.375)
Skuldir og skuldbindingar .....	47.931.451
Niðurstaða efnahagsreiknings .....	38.878.076

Framkvæmdastjóri fór einnig yfir skýringar og m.a. kom fram í máli hans að framsetningu ársreiknings hefur verið breytt frá fyrra ári og var tölum síðasta árs breytt til samræmis við

Það. Breytingin felst í því að rekstur Vaxtarsamnings Norðausturlands er greindur frá öðrum rekstri félagsins.

*Engar umræður urðu um skýrslu stjórnar og reikninga og var ársreikningurinn borinn upp og samþykktur samhljóða.*

### **3. Kosning stjórnar og endurskoðanda.**

Fundarstjóri kynnti fyrirleggjandi tillögur að stjórn frá fulltrúum hluthafa:

Aðalstjórn:

Aðalsteinn Baldursson  
Björn Víkingur Björnsson  
Margrét Bjarnadóttir  
Pétur Snæbjörnsson  
Sigurgeir Höskuldsson

*Fleiri tillögur komu ekki fram og eru ofanrituð því sjálfkjörin í stjórn.*

Varastjórn:

Guðmundur Guðmundsson  
Gunnólfur Lárusson

Tillagan gerir jafnframt ráð fyrir því að fulltrúi Byggðastofnunar, Guðmundur Guðmundsson hafi seturétt á öllum stjórnarfundum með málfrelsi og tillögurétt eins og verið hefur.

*Fleiri tillögur komu ekki fram og eru ofanritaðir því sjálfkjörnir í varastjórn.*

Fyrir fundinum lá tillaga um að endurskoðandi félagsins verði kjörinn PricewaterhouseCoopers hf. – Björn St. Haraldsson, löggiltur endurskoðandi.

*Fleiri tillögur komu ekki fram og þessir aðilar því sjálfkjörnir.*

### **4. Ráðstöfun hagnaðar/taps.**

Vísað er til afgreiðslu ársreiknings þar sem tapi ársins er ráðstafað til lækkunar á eigin fé félagsins.

*Tillagan samþykkt samhljóða.*

### **5. Greiðslur til stjórnarmanna**

Fyrir fundinum lá tillaga um að þóknun til stjórnarmanna verði óbreytt að fjárupphæð á milli ára, þ.e. 9.677,- fyrir hvern fund og formaður fái 50% álag á þá þóknun.

Þóknun til endurskoðanda verður samkvæmt reikningi.

Framkvæmdastjóri greindi frá því að þóknun til stjórnarmanna hefði verið hækkuð á síðasta aðalfundi að tillögu fulltrúa Norðurþings og þá tekið mið af greiðslum Norðurþings fyrir „aðrar nefndir“. Enn fremur að tillaga um að þóknun yrði óbreytt eða fryst í stað þess að fylgja gjaldskrá Norðurþings kæmi frá stjórnarmönnum sjálfum.

Fulltrúi Norðurþings, Gunnlaugur Stefánsson, vakti á ný máls á því að rétt væri að greiða fyrir þessi störf sem önnur. Hann sagðist þó virða ákvörðun stjórnar og því styðja tillöguna en hvetur nýja stjórn til að koma með tillögu á næsta fundi um að greiðslurnar fylgi áfram gjaldskrá Norðurþings fyrir greiðslur vegna annarra funda.

*Fyrirliggjandi tillaga var borin upp og hún samþykkt samhljóða.*

## 6. Önnur mál

6.1. Fyrir fundinum lágu þrjár tillögur frá stjórn félagsins sem framkvæmdastjóri félagsins kynnti. Tillögurnar eru eftirfarandi:

- a) Fundurinn staðfestir fyrri ákvarðanir hluthafafunda 27. maí og 8. október 2004 um hækkun hlutafjár, sem þegar hafa verið greiddar í peningum að fullu, og viðeigandi breytingu á 4. gr. samþykka félagsins, en þær hafa ekki verið tilkynntar til Fyrirtækjaskrár.  
4. grein samþykka félagsins verður þannig: „Hlutfé félagsins er kr. 5.753.910 - krónur fimm milljónir sjö hundruð fimmtíu og þrjú þúsund níu hundruð og tíu. Hver hlutur er að fjárhæð kr. 1 – ein króna- að nafnverði.“
- b) Tillaga um lækkun hlutafjár:  
Núverandi hlutfé félagsins er lækkað í kr. 500.000,- eða um kr. 5.253.910,- og skal lækkuninni ráðstafað á móti ójöfnuðu tapi félagsins, sbr. 1. tl. 2. mgr. 51. gr. laga nr. 2/1995.
- c) Tillaga um hækkun hlutafjár:  
„Stjórn félagsins er heimilt að auka hlutfé þess um allt að 10 mkr. að nafnverði með áskrift nýrra hluta á genginu 1. Forkaupsréttur hluthafa gildir til 30. nóvember 2010 með greiðslufresti til 15. desember 2010. Það sem þá kann að vera óselt getur stjórn félagsins selt á tímabilinu 30. nóvember 2010 til 28. febrúar 2011 á genginu 1 með greiðslufresti til 15. mars 2011. Heimild til hlutafjárukningar fellur niður 28. febrúar 2011 að því marki sem hún hefur þá ekki verið nýtt.“

Framkvæmdastjóri sagði nauðsynlegt að taka á efnahagsreikningnum til þess að hægt væri að halda áfram starfi. Þær breytingar sem tillögurnar gera ráð fyrir væru í raun aðeins staðfesting á stöðunni eins og hún er.

Nokkrar umræður urðu um tillögurnar og stöðu félagsins.

Fram kom fyrirspurn um hver munur væri á starfsemi Impru á Nýsköpunarmiðstöð og Atvinnuþróunarfélagsins og jafnframt hvort ekki væri þörf á að endurskoða hver væri grunnurinn og tilgangurinn með félaginu.

Formaður félagsins varð fyrir svörum og tók undir að hér væri um skörun að ræða og vísaði til fyrri orða sinna um nauðsyn þess að ráðast í stefnumótun, m.a. til þess að finna þróunarfélögunum farveg samhliða öðrum stofnunum stoðkerfisins.

Framkvæmdastjóri varð einnig til svara og gerði grein fyrir aðdraganda þess að Nýsköpunarmiðstöð setti upp svæðisbundnar starfsstöðvar, en hann má rekja til starfs svonefndrar Norðausturnefndar.

Fleiri tjáðu sig ekki um málið og bar fundarstjóri þá tillögurnar upp.

*Tillögurnar voru allar samþykktar samhljóða.*

## 6.2. Almennar umræður

- Aðalsteinn Á. Baldursson kvaddi sér hljóðs til að vekja athygli á langvarandi veikri stöðu félagsins. Hann hvatti hluthafa, einkum fulltrúa sveitarfélaga, til að taka virkan þátt í öflugri stefnumótunavinnu í haust, þar sem farið verður yfir starfsemina og spurt hvers væntum við af félaginu, fyrir hvað eigum við að standa, hvernig mannlíf viljum við og hvernig á að fjármagna það. Aðalsteinn þakkaði einnig starfsmönnum fyrir góð viðbrögð við nauðsynlegum

niðurskurði og sagði slæmt að þurfa að standa í slíku þegar þörfin fyrir starfseminna hefði aldrei verið meiri.

- Hjálmar Bogi Hafliðason spurði um hvað væri svo erfitt að reka og hvað þyrfti að fjármagna. Hvort ekki þyrfti einfaldlega að fá hingað peninga til að búa til alvöru störf í stað annarrar stofnunar hliðstæðri AÐ.

Framkvæmdastjóri svaraði því til að áskorunin fælist í að ná jafnvægi í rekstrinum og bregðast við þeim breytingum sem eru í umhverfinu. Varðandi hinn hluta spurningarinnar snérist málið um það hvort ríkið eða heimamenn ættu að stýra uppbyggingu á sínu svæði.

- Pétur Snæbjörnsson sagði vandann byggjast á því að verulegur hluti starfseminnar hefði verið verkefnatengdur en að mótfjármögnun heima fyrir hefði brugðist og sá kostnaður lent á félaginu. Tillögurnar sem samþykktar voru á fundinum tækju á þessu og kæmu félaginu á rétt ról.
- Gunnlaugur Stefánsson sagði mikilvægt að stefnumótunin færi fram áður en ákvörðun væri tekin um aukin hlutabréfakaup. Þá svaraði hann því til með móttframlögin að æði margir verkefnastyrkir ríkisins væru þannig skilyrtir að sveitarfélögin væru nánast skuldbundin til þátttöku en í ríkjandi ástandi væru fæst aflögufær. Varðandi skörun Impru og AÐ játaði hann sig í jafn mikilli óvissu og flestir aðrir virtust vera.

Fleiri voru ekki á mælendaskrá og engin önnur mál á dagskrá.

Stjórnarformaður þakkaði fyrir góða fundarþátttöku og sagði ánægjulegt að fólk hefði skoðanir á starfseminni og það væri góðs viti fyrir komandi stefnumótun. Kvaðst hann bjartsýnn á að unnt yrði að mynda stefnu sem allir geta verið sáttir við svo félagið gæti dafnað. Þá þakkaði hann starfsmönnum fundarins, minnti á dagskrá í framhaldi aðalfundar og sleit síðan fundi kl. 15:10.

Að loknu kaffihléi var haldið áfram með dagskrá í tengslum við aðalfund.

### **Hvatningarverðlaun AÐ 2010**

Sigurgeir Höskuldsson lýsti ákvörðun stjórnar AÐ um hvatningarverðlaun 2010 og voru þau veitt tveimur aðilum að þessu sinni;

Handverkskonur milli heiða hlutu viðurkenningu „*fyrir öflugt félagsstarf sem örvað hefur framleiðslustarfsemi félagsmanna og gert hana að mikilvægum þætti í atvinnulífi héraðsins.*“

Stóruvellir ehf. - Garðar Jónsson hlaut viðurkenningu „*fyrir frumkvæði og þrautseigju við uppbyggingu framleiðslustarfsemi sem byggir á nýtingu innlendra landbúnaðarafurða.*“

### **Málþing – Samgöngur og samkeppnishæfni**

Að lokinni afhendingu hvatningarverðlauna var haldið málþing sem bar yfirskriftina Samgöngur og samkeppnishæfni og hófst það kl. 15:30. Ólína Arnkelsdóttir, fundarstjóri málþingsins kynnti dagskrána en á henni voru flutt voru tvö erindi. Trausti Valsson, prófessor við Verkfræði- og náttúruvísindasvið HÍ flutti erindið **Norðausturland – afskekktasti staður á Íslandi?** og Pétur Snæbjörnsson erindið **Samgöngur og ferðaþjónusta.**

Fundarstjóri  
Tryggvi Harðarson

Fundarritari  
Ari Páll Pálsson